



Alþingi  
Allsherjarnefnd (persónukjör, 102. mál)  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 12. nóvember 2009  
nr. erindis 200911163 sój

Efni: Umsögn bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Mosfellsbæ barst erindi frá Allsherjarnefnd Alþingis með tölvupósti dags. 9. nóvember 2009, þar sem Mosfellsbæ var gefinn kostur á að koma að umsögn sinni um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis, 102. mál, persónukjör. Aðalmenn í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa náð saman um neðangreinda umsögn sem þeir senda inn til nefndarinnar sem persónulega umsögn sína, umsögnin er ekki formleg afgreiðsla bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Umsögnin er samhljóða áðursendri umsögn sömu bæjarfulltrúa varðandi persónukjör til sveitarstjórna.

Bæjarfulltrúar í Mosfellsbæ fagna þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um lýðræðismál og um aukið val og vægi kjósenda í kosningum. Ljóst er að frumvarp til laga um persónukjör er vert innlegg í þá umræðu og hefur vakið upp umræðu og skoðanaskipti sem ekki sér fyrir endann á.

Eftirfarandi atriði og vangaveltur finnst bæjarfulltrúum í Mosfellsbæ rétt að benda á.

- Bæjarfulltrúar hafa áhyggjur af því að of hratt sé farið í að breyta lögum hvað varðar hugmyndir um persónukjör. Hér er um að ræða mjög viðkvæmt mál sem þarfnast mikils undirbúnings og mikilvægt að engin mistök eigi sér stað við kosningar næsta vor, sérstaklega á tímum sem þessum. Bæjarfulltrúum finnst ákveðin hættu vera því samfara ef mál eins og persónukjör hefur ekki fengið næga umræðu og ígrundun því þá geti hugsanlega farið á ýmsan veg með niðurstöður kosninga og starfið geti verið erfitt í framhaldinu. Einnig var sú skoðun ríkjandi meðal bæjarfulltrúanna að þar gæti ábatinn í lýðræðisátt með nýju kerfi verið meiri en í sveitarstjórnarkosningum.
- Áhyggjur komu fram um kosningarnar sjálfar og framkvæmd þeirra. Ljóst má vera að framkvæmdin verður mun flóknari og þarfnast meiri undirbúnings. Einnig komu fram áhyggjur af því að spenningurinn á kosninganóttinni sjálfri heyrði sögunni til þar sem það tæki lengri tíma að fá fram úrslit. Í því sambandi beindust áhyggjur manna einnig að því að það gæti dregið úr kjörsókn og þannig gætu áform lagabreytingarinnar um aukið lýðræði snúist upp í andhverfu sína og dregið úr lýðræði. Kjörsókn hér á landi hefur hingað til verið mjög mikil a.m.k. í samburði við mjög mörg önnur lýðræðisríki. Væntanlega er ein ástæða þess einfaldleiki kerfisins. Þess vegna þurfa allar breytingar á því að vera mjög vel ígrundaðar.
- Það kom fram hjá bæjarfulltrúum að ákveðin hættu væri á að s.k. prófkjörsbarátta færðist inn í kosningabaráttuna og jafnvel inn í kjörklefann. Slíkt gæti haft óheppileg eftirköst og sett kjörna fulltrúa í erfiða stöðu eftir

kosningar og aukið á ósamstöðu. Enginn talsmaður eða oddviti færi fyrir listanum sem hefur óheppileg áhrif á allan kosningaundirbúning.

- Áhyggjur af lýðræðisþættinum komu einnig sterkt fram. Ákveðin hætta kynni að vera á því að aðeins lítill hluti kjósenda taki þátt í persónukjörinu og þar af leiðandi lítill hluti kjósenda sem í raun veldi listann, og þar með gæti lýðræðishugsunin snúist upp í andhverfu sína. Þetta leiðir hugann af því hvort það mætti hugsa sér að krafist yrði ákveðinnar lágmarkspátttöku í persónukjöri svo það verði bindandi. Að öðrum kosti gildi leiðbeinandi röðun listans sjálfs.

Þetta eru aðeins hugleiðingar um þetta mikilvæga mál og vilja bæjarfulltrúarnir leggja áherslu á að hér verði mjög til verka vandað og ekki rasað um ráð fram.

**Virðingarfyllst,**

**f.h. neðangreindra aðalfulltrúa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, auk undirritaðs.**

Marteins Magnússonar B lista  
Herdísar Sigurjónsdóttur D lista  
Hafsteins Pálssonar D lista  
Jónasar Sigurðssonar S lista  
Hönnu Bjartmars Arnardóttur S lista  
Karls Tómassonar V lista

  
Haraldur Sveinsson  
bæjarstjóri D lista